

25. janúar 2010
Dags. yðar: 28. desember 2009
SI-60098

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins (EES-reglur, heildarlög), 277. mál.

Með tölvupósti dags. 28. desember 2009, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur m.a. fram að það sé samið í þeim tilgangi að innleiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006, nefnd þjónustutillskipunin, en hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009.

Tilgangur þjónustutillskipunarinnar er að koma á raunverulegum innri markaði á sviði þjónustuviðskipta með því að fjarlægja lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir svo að þjónustuveitendur og viðtakendur þjónustu eigi auðveda að veita og nýta sér þjónustu yfir landamæri. Margs konar þjónustusvið eru undanskilin gildissviði tilskipunarinnar og frumvarpsins, þar á meðal fjármálaþjónusta.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið enda um lögleiðingu á tilskipun að ræða sem þegar hefur verið tekin upp í EES-samninginn.

Beðist er velvirðingar á síðbúnu svari bankans.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur